

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 4,3 ma.kr. en var neikvætt um 6,1 ma.kr. 2012. Tekjur hækkuðu um 7,1 ma.kr. milli ára en gjöld jukust um 5,6 ma.kr. Þessi útkoma er betri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 6,3 ma.kr. sem skýrist að mestu með því að dreifing útgjalda innan ársins reyndist önnur en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	151.271	147.091	143.565	167.478	174.569
Greidd gjöld	167.742	171.241	157.653	171.943	177.514
Tekjujöfnuður	-16.471	-24.150	-14.088	-4.465	-2.945
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-4.249	13.057	4.942	-1.645	-1.360
Handbært fé frá rekstri	-20.720	-11.093	-9.146	-6.110	-4.305
Fjármunahreyfingar	8.176	-5.313	-1.754	-5.684	-17.255
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-12.544	-16.406	-10.900	-11.794	-21.560
Afborganir lána	-1.337	-71.988	-6.020	-78.596	-12.552
Innanlands	-1.337	-71.988	-753	-1.486	-10.081
Erlendis	0	0	-5.267	-77.110	-2.471
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-13.881	-88.394	-16.920	-90.390	-34.112
Lántökur	43.706	59.621	33.173	31.582	16.172
Innanlands	37.138	62.246	20.504	16.044	47.636
Erlendis	6.568	-2.626	12.669	15.538	-31.464
Breyting á handbæru fé	29.825	-28.773	16.253	-58.808	-17.940

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 174,6 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 4,2% aukning á milli ára. Niðurstaða tímabilsins er 0,6 ma.kr. eða 0,3% undir tekjuáætlun fjárlaga. Í grófum dráttum teljast tekjur ársins því á áætlun og ljóst er að það neikvæða frávík sem kom fram í greiðsluafkomu fyrsta ársfjórðungs hefur að mestu gengið til baka. Þetta er í takt við það sem varað hefur verið við í síðustu útgáfum greiðsluafkomunnar, en frávík frá áætlun kunna að vera umtalsverð og mögulega ómarktæk á fyrstu mánuðum ársins. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, eins og t.d. þegar stórir gjalddagar og eindagar falla hvor sínu megin við mánaðamót, en erfitt getur verið að sjá slíkt fyrir þegar tekjuáætlun ráðuneytisins er dreift niður á einstaka mánuði.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 2,4% á milli ára og námu 158,2 ma.kr. sem er 3,0 ma.kr. eða 1,8% undir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 5,5% og nam 38,7 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um tæplega 27% á milli ára sem má rekja til þess að á sama tímabili í fyrra innheimtust töluverðar fjárhæðir sem tengdust eldri álagningnum en þær tekjur teljast óreglulegar. Innheimta



tekjuskatts lögaðila nemur nú 8,7 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun. Fjármagnstekjuskattur jókst um 14,9% á milli ára og nam 13,3 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	134.010	154.548	158.237	-1,1	15,3	2,4
Skattar á tekjur og hagnað	52.844	60.141	60.705	0,3	13,8	0,9
Tekjuskattur einstaklinga	30.589	36.635	38.667	-3,0	19,8	5,5
Tekjuskattur lögaðila	4.462	11.887	8.694	12,5	166,4	-26,9
Skattur á fjármagnstekjur	17.793	11.619	13.345	3,6	-34,7	14,9
Eignarskattar	1.477	4.291	3.599	0,1	190,5	-16,1
Skattar á vöru og þjónustu	56.096	64.986	67.850	-5,5	15,8	4,4
Virðisaukaskattur	36.822	42.349	44.466	-9,6	15,0	5,0
Vörugjöld af ökutækjum	688	1.180	1.191	91,7	71,3	1,0
Vörugjöld af bensíni	3.243	3.494	3.492	-2,1	7,8	-0,1
Skattar á olíu	1.812	1.998	1.981	1,5	10,2	-0,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4.477	4.761	4.981	1,2	6,3	4,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9.053	11.204	11.739	3,8	23,8	4,8
Tollar og aðflutningsgjöld	1.975	2.137	1.864	2,9	8,2	-12,8
Aðrir skattar	1.212	1.730	2.442	-4,5	42,7	41,1
Tryggingagjöld	20.406	21.263	21.776	9,0	4,2	2,4
Fjárframlög	193	52	55	383,8	-72,9	4,4
Aðrar tekjur	9.318	11.672	15.848	-18,0	25,3	35,8
Sala eigna	104	1.206	429	-	-	-
Tekjur alls	143.626	167.478	174.569	-2,3	16,6	4,2

Tryggingagjöld námu 21,8 ma.kr. sem er 2,4% aukning á milli ára og 0,9 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af tryggingagjöldum hafa aukist á milli ára þrátt fyrir að gjaldhlutfallið hafi lækkað úr 7,79% í 7,69% um áramótin. Gróft mat bendir til þess stofn gjaldsins hafi hækkað um ríflega 6% á milli ára, sem er ívið lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Eignarskattar námu 3,6 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun. Það frávik má rekja til auðlegðarskatts en hann skilaði 1,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af stimpilgjöldum eru á áætlun og námu 1,3 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 4,4% á milli ára og námu alls 67,9 ma.kr. sem er 2,2 ma.kr. eða 3,1% undir áætlun. Frávikið skýrist að mestu af innheimtu virðisaukaskatts sem er 2,1 ma.kr. undir áætlun og nam 44,5 ma.kr. Verulega hefur þó dregið úr neikvæðu fráviki virðisaukaskattsins á milli mánaða, líkt og reiknað var með. Almenn vörugjöld námu 1,8 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Vörugjöld af ökutækjum eru í takt við áætlun og námu 1,2 ma.kr. á tímabilinu. Þá skilaði kolefnisgjaldið 1,0 ma.kr. sem er í takt við áætlun.



Tekjur af vörugjaldi af bensíni námu 3,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun og tekjur af olíugjaldi námu 2,0 ma.kr. sem er í takt við áætlun. Tekjur af þessum gjöldum hafa staðið í stað á milli ára. Tóbaksgjald skilaði 1,8 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun og tekjur af áfengisgjaldi námu 3,8 ma.kr. eins og gert var ráð fyrir. Tölur um tóbaksölu á fyrstu fjórum mánuðum ársins sýna að nokkuð hefur dregið úr sölu á sigarettum (-11,5%), vindlum (-9,4%) og neftóbaki (-13,3%) á meðan sala reykþobaks hefur aukist (7,7%). Af þessu er ljóst að tóbaksneytendur halda áfram að færa sig yfir í hagkvæmari vöruhegundir og telja má líklegt að sú þróun eigi að stórum hluta rætur sínar að rekja til hækkandi tóbaksgjalda undanfarin ár. Sala áfengis hefur aukist smávægilega eða um 0,6% (mælt í vínanda) á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Í grófum dráttum hefur sala helstu léttvína aukist lítillega á meðan sala sterks víns hefur heldur dregist saman. Sala bjórs hefur staðið í stað.

Aðrar tekjur námu 15,8 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. yfir áætlun. Þar af eru arðgreiðslur 1,6 ma.kr. yfir áætlun en það frávik mun að líkum lækka eftir því sem líður á árið. Tekjur af veiðigjöldum námu 5,7 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 2,1 ma.kr. og því sérstaka 3,6 ma.kr. Vaxtatekjur námu 5,4 ma.kr. sem í takt við áætlun.

Greidd gjöld námu 177,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 5,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,2%. Greidd gjöld voru tæpa 4 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 2,2%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2013

	Milljónir króna			Breyt. frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	35.024	39.071	38.817	11,6	-0,7
þar af vaxtagreiðslur	21.062	24.049	23.310	14,2	-3,1
Varnarmál	449	301	363	-33,0	20,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5.841	6.827	7.207	16,9	5,6
Efnahags- og atvinnumál	14.581	15.666	15.910	7,4	1,6
Umhverfisvernd	1.264	1.395	1.506	10,3	8,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	149	76	227	-48,8	197,0
Heilbrigðismál	36.120	38.058	41.703	5,4	9,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	5.297	5.705	6.269	7,7	9,9
Menntamál	15.553	17.940	19.467	15,3	8,5
Almannatryggingar og velferðarmál	39.984	42.829	42.211	7,1	-1,4
Óregluleg útgjöld	3.390	4.075	3.835	20,2	-5,9
Gjöld alls	157.653	171.943	177.514	9,1	3,2



Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 23,3 ma.kr. og drógust saman um rúmar 700 m.kr. á milli ára en voru lítillega umfram áætlanir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 5,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára og voru rúmlega 100 m.kr. yfir því sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu tæpum 10 ma.kr. og jukust um tæpar 400 m.kr. á milli ára en voru 1,5 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 42,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúmar 600 m.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að mestu með nokkrum stórum liðum en útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 1,3 ma.kr. milli ára og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 248 m.kr. Þá voru greiddar barnabætur tæpum 1,3 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2012 og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 160 m.kr. hærrí en 2012 sem var innan heimilda. Þá er búið að greiða út samningsbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn að upphæð 475 m.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir á þessu tímabili nema að litlu leyti. Á móti þessu drógust útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs saman milli ára um 1,5 ma.kr. og greiddar vaxtabætur voru 2,6 ma.kr. lægri en á fyrra ári sem skýrist með sérstökum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 41,7 ma.kr. og jukust um 3,6 ma.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 800 m.kr. umfram heimildir. Mest munar um útgjöld Sjúkratrygginga sem jukust um 1,1 ma.kr. milli ára og voru tæpan 1 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri námu 15,0 ma.kr. á tímabilinu og jukust um tæpan 1,4 ma.kr. milli ára en voru jafnframt rúmar 300 m.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 6,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 427 m.kr. á milli ára og voru jafnframt um 360 m.kr. umfram heimildir. Þá jukust útgjöld heilbrigðisstofnana lítillega milli ára og námu 4,7 ma.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust lítillega á milli ára og námu 15,9 m.kr. samanborið við 15,7 ma.kr. í fyrra. Þá voru þau 2,3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með tæplega 750 m.kr. afgangi hjá Vegagerðinni og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála námu um 19,5 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og voru tæpum 1,5 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir að vera rúmum 1,1 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 5,7 ma.kr. og jukust um 102 m.kr. milli ára en voru 255 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 3,7 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning milli ára um 1,2 ma.kr. en innan þess sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til framhaldsskóla námu 7,1 ma.kr. og voru 117 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2012 en 203 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til menningar- íþróttá og trúmála námu 6,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um tæpar 564 m.kr. en voru rúmum 200 m.kr. innan fjárheimilda. Aukningin milli ára skýrist að stórum hluta með útgjöldum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem aukast um 199 m.kr. milli ára sem er innan heimilda.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 7,2 ma.kr. og jukust um 380 m.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 300 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærrí en gert hafði verið ráð fyrir og aukast um rúmar 100 m.kr. milli ára og með útgjöldum



Ríkislögreglustjóra sem aukast um tæpar 100 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar námu 1,5 ma.kr. á tímabilinu og eru 111 m.kr. hærrí í ár en á sama tíma í fyrra. Útgjöldin voru rúmum 400 m.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með 128 m.kr. afgangi af fjárheimildum Landgræðslu ríkisins og 81 m.kr. afgangi af fjárheimildum Endurvinnslunnar hf. Útgjöld til Varnarmála námu 363 m.kr. á tímabilinu og jukust um 62 m.kr. á milli ára en voru 92 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 227 m.kr. og jukust milli ára um 150 m.kr. sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 147 m.kr. umfram það sem greitt var 2012. Óregluleg útgjöld námu 3,8 ma.kr. og drógust saman um 240 m.kr. milli ára en voru tæpum 500 m.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga aukast um 229 m.kr. milli ára sem er 321 m.kr. umfram heimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur dróst saman um 470 m.kr. milli ára en var 166 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um tæpa 21,6 milljarða króna en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 11,8 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins námu 10,1 milljörðum króna. Þar af eru rúmí 8,9 milljarða króna vegna uppkaupa ríkissjóðs á ríkisbréfum á gjalddaga í maí n.k.

Greiddar voru erlendar afborganir í mars sl. fyrir að jafnvirði 2,5 milljarða króna.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 47,6 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 42,3 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 14,5 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárukningar Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um 9,4 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um tæpa 31,5 ma.kr. í lok apríl vegna styrkingar krónu frá áramótum.